

## Eftirfarandi skilmálar gilda um notkun starfsfólks Ísafjarðarbæjar á samskiptamiðlinum Workplace

**Afhverju Workplace?** Workplace er samskiptamiðill starfsfólks Ísafjarðarbæjar sem er ætlað að miðla upplýsingum til þeirra, auka samskipti, efla liðsandann og vera vettvangur fyrir miðlun innan starfseininga Ísafjarðarbæjar og milli þeirra.

Með því að nýta tæki og tól Workplace er hægt að efla samstarf, bæta verkferla í sameiginlegum verkefnum innan starfseininga Ísafjarðarbæjar og milli þeirra, einnig draga úr magni hefðbundinna tölvupósta, símtala og funda.

**Allt starfsfólk með Workplace reikning:** *Náðu samstundis í samstarfsfólk með texta -eða myndskilaboðum*

Til að geta fylgst með og geta tekið þátt í sameiginlegum verkefnum hefur allt starfsfólk með netfang aðgang að Workplace. Starfsfólk skráir sig inn á isafjordur.facebook.com með netfangi og lykilorði sem það velur sér í upphafi skráningar á Workplace. (Þeir starfsmenn sem ekki hafa netfang hjá Ísafjarðarbæ geta skáldað netfang, en það þarf þó að vera mjög sérstakt, t.d.

ragnar1q2w3@isafjordur.is - Þar sem engar líkur eru á að annar starfsmaður sé með sama netfang. Stjórnandi getur alltaf sent ykkur nýtt lykilorð og því ekki þörf á að fá það sent í þetta skáldaða netfang.)

**Prófill:** *Rétti staðurinn til að finna nánari upplýsingar um samstarfsfólk, t.d. starf, netfang og símanúmer.*

Upplýsingar um nokkra starfsmenn eru forskráðar en mikilvægt er að starfsfólk klári skráninguna alveg með því að yfirfara upplýsingarnar og hala upp próffilmmynd sem er lýsandi og viðeigandi fyrir starf viðkomandi.

**Tilkynningar og fréttamiðlun:** *Viltu vita hvað er að gerast á öðrum vinnustöðvum og stofnunum ?* Starfsfólk er hvatt til að taka virkan þátt í fréttamiðlun á Workplace með því að deila upplýsingum sem skipta máli í máli og myndum úr sínum starfseiningum og spyrja spurninga og hjálpast að við að svara þeim. Heiti verkefna og staðsetning þarf að vera lýsandi þannig að samstarfsfólk finni efnið auðveldlega aftur seinna. Starfsfólki ber að sýna háttarni og viðmót á Workplace sem telst til almennrar kurteisi.

**Öll gögn eru eign Ísafjarðarbæjar:** *Finndu réttu svörin, eldri færslur eða skrár sem þú þarft að nota* Öll gögn á Workplace vef Ísafjarðarbæjar eru eign Ísafjarðarbæjar.

Ætlast er til þess að vinnutengd málefni séu rædd í hópum á Workplace en ekki í hópum á persónulega Facebook eða á öðrum samskiptamiðlum. Aðgangi að hópum er stýrt svo nýtt starfsfólk fái strax aðgang og þeir sem hætta detta út. Með þessu móti er aðgengi allra að upplýsingum tryggt og öryggið aukið til muna með því að færa hópana á lokaðan vettvang. Þetta á við um allar vinnutengdar upplýsingar.

Workplace by Facebook er hugsað til að miðla upplýsingum en ekki til skjalavistunar. Þegar endanlegt skjal liggur fyrir skal það vistað á viðeigandi stað í skjalakerfi Ísafjarðarbæjar, One eða í öðrum viðeigandi kerfum. Ekki deila viðkvæmum upplýsingum á Workplace.

**Íslenska og önnur tungumál:** *Hægt er að hafa Workplace á bæði íslensku eða ensku, svipað og facebook sjálf.*

Við reynum eftir fremsta megni að halda samskiptum okkar á Workplace á íslensku.

**Hópar:** *Hópar hjálpa þér að taka ákvarðanir og halda starfsmönnum á sömu síðunni*

Hópar geta verið:

- opnir, lokaðir eða leynilegir
- allir geta skrifað, bara stjórnandi hóps getur skrifað eða samþykkt færslur frá öðrum
- fyrir alla, fyrir starfseininguna eða fyrir þá sem boðið er sérstaklega

Ákveðnir grunnhópar eru til fyrir allar stofnanir sem aðeins starfsfólk þessara stofnana á að vera í og eru ætlaðir fyrir innri samskipti. Nokkrir hópar eru fyrir allt starfsfólk s.s. „Ísafjarðarbær í fréttum“ og tilkynningar, Nýtt starfsfólk, Tilboð og auglýsingar og fleira. Þarna getur allt starfsfólk miðlað fréttum, tilkynningum og upplýsingum sem tengjast starfsemi Ísafjarðarbæjar. Falinn hópur er til þess fallinn að miðla viðeigandi upplýsingum til valinna samstarfsaðila.

**Að vera hluti af hópi eða búa til nýjan:** *Notaðu hópa sem gagnast þér í starfi og samskiptum við samstarfsfólk.*

Ekki þarf að vera hluti af öllum hópum. Ef hópurinn þjónar ekki tilgangi fyrir starfsmenn er í lagi að skrá sig úr honum.

Starfsfólk er einnig hvatt til að búa til hópa fyrir samstarfsverkefni og þverfaglega samvinnu og bjóða í þá. Best er að hafa alla þá hópa sem ákveðið starfsfólk á að vera í „leynilega“ (secret) þannig að þeir birtist bara þeim sem þeim tilheyra.

Notaðu Workplace by Facebook fyrir vinnuna og málefni tengd vinnufélögum nema í hópum merktum áhugamálum starfsmanna sem starfsfólk velur sjálf að bæta sér við, t.d. hópurinn: „Til sölu“ og með tímanum kannski hópar eins og matgæðingar, hjólreiðafólk og fleiri hópar sem fólk kys að stofna.

### **Að stýra tilkynningum**

Hægt er að stilla tilkynningar sem koma frá hópum svo upplýsingar fari ekki framhjá neinum. Það er einfalt að breyta stillingum ef upplýsingarnar eru ekki gagnlegar.

### **Notum Workplace á jákvæðan og uppbyggilegan hátt:**

Workplace by Facebook er ætlað fyrir verkefnavinnu og sem samskiptaleið milli samstarfsfólks.

Mikilvægt er að viðhafa sömu faglegu vinnubrögðin þar og í öðrum störfum fyrir Ísafjarðarbæ.

Stjórnendur sem eru ábyrgir fyrir vefnum áskilja sér rétt til að loka á aðgang að hluta eða öllu leyti á þá starfsmenn sem misnota vefinn.

**Komum skoðunum og hugmyndum á framfæri, sækjum og miðlum upplýsingum og margvíslegum fróðleik á Workplace.**